

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. var haldinn 19. maí 2006 í Borgartúni 37 í Reykjavík.

Fram kom á fundinum að þau tímamót urðu í rekstri fyrirtækisins á síðasta rekstrarári að þá skilaði það hagnaði í fyrsta sinn í sögu sinni. Hagnaðurinn var að vísu lítill og þess má líka geta að gert er ráð fyrir tapi á árinu 2006, en fyrirsjáanlegt er að frá og með árinu 2007 batnar afkoman að nýju, vegna lækkaðs hýsingarkostnaðar. Með nokkrum rétti má því segja að fyrirtækið sé komið á lygnan sjó hvað reksturinn varðar. Handbært fé Landskerfis bókasafna var í árslok 2005 36,5 milljónir króna, eignir eru metnar á 97,8 milljónir og eigið fé er 88,5 milljónir króna. Efnahagur fyrirtækisins er með öðrum orðum góður og getur það augljóslega staðið undir frekari fjárfestingum í þágu bókasafna þegar þess verður óskað.

Í skýrslu stjórnar og máli stjórnarformanns kom fram að stjórnin lítur svo á að innleiðingu Aleph 500 bókasafnskerfisins ljúki nú í sumar og að hún hyggist endurmeta rekstrarform og verkefni félagsins á haustmánuðum.

Hægt er að nálgast fundargerð frá fundinum og skýrslu stjórnar á vef Landskerfis bókasafna (smella á Fyrirtækið eða nota slóðina <http://www.landskerfi.is/sja.php?id=52>).

Árni Sigurjónsson
Landskerfi bókasafna

(Pistill fyrir Fregnir, 2. júní 2006).